

Endurskoðun á dreifingu útblástursefna frá Rio Tinto		
Lýsing skýrslu Verkefnalýsing og kostnaðaráætlun	Tegund verkefnis Rannsóknar verkefni	
Verktaki RSI	Verkkaupi Hafnarfjarðarbær	
Verkefnastjóri - ReSource International Karl Eðvaldsson, framkvæmdastjóri	Tengiliður verkkaupa Þormóður Sveinsson	
Sími RSI: 770-8513	Sími verkkaupa:	
Útgáfa nr: 01	Dagsetning útgáfu: 22.02.2019	Verknúmer: 020101
Tilgangur verkefnisins		
<p>Þynningarsvæðið er svæði þar sem leyfileg umhverfisviðmið mega vera hærri en venjuleg viðmið sem eru gefin út í starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Þynningarsvæði álversins Rio Tinto í Straumsvík er ákvörðuð m.a. út frá dreifingu á loftmengun og líkum á því að mengun, sem getur haft áhrif á viðtakan, sé yfir umhverfismörkum á tilteknu svæði. Rio Tinto hefur stækkað og uppfært lofthreinsibúnaðinn sinn og er talið að sá búnaður sé með því besta sem gerist. Starfsleyfið setur viðmið m.a. fyrir heildarflúoríð, ryk og brennisteinsdíoxíð. Vegna þessa er mögulegt að magnið og dreifingin á loftmengun sé minni en hún var áður. Það gefur síðan tilefni til að meta hvort grundvöllur sé fyrir endurskoðun á þynningarsvæðinu í kringum álverið í Straumsvík. Fyrsta skrefið í þeirri vegferð væri að áætla loftdreifingu efna og efnasambanda eftir breytingar.</p>		
Verkefnalýsing		
<p>Útbúa loftdreifilíkan af þeim efnum sem starfsleyfi Rio Tinto setur mörk á innan þynningarsvæðisins og meta hvort breytingar hafa átt sér stað eftir uppfærslu á hreinsibúnaði. Loftdreifilíkanið verður gert í hátækni hugbúnaði, framleiddum af „Cambridge Environmental Research consultants (CERC)“, sem er álitnið vera ein traustasta hugbúnaðarlausn sem völ er á í þessum efnum. Þar að auki hefur ReSource International óskað eftir því að fá CERC til að sinna hlutverki gæðaeftirlits (rýnar) á verkefninu til að tryggja gegnsæi og áreiðanleika gagna, aðferðarfræði og niðurstaðna. Slík þjónusta hafa þeir verið að bjóða sínum viðskiptavinum víðsvegar um heiminn.</p>		
Tíma rammi verkefnis		
<p>Áætlað er að verkefnið í heild sinni muni taka um fjóra mánuði og eru áætluð verklok ef byrjað er á verkefninu í byrjun mars í lok júní. Verkefnið skiptist upp í fjóra áfanga: Gagnaöflun, Greiningu gagna, Líkangerð og næmni prófanir og að lokum skýrslugerð.</p>		
Áætlaður kostnaður		
<p>Áætlaður heildar kostnaður er 4.260.000 kr. Áætlaðir heildar vinnutímar fyrir verkefnið eru 265 tímar. Rétt skal taka fram að tölur eru áætlaðar og veltur mikið á hve auðvelt er að nálgast gögnum, þar af leiðandi er áætluð óvissa um +/- 15% með heildar vinnutíma sem fer í verkefnið.</p>		

Virðingarfyllt

Karl Eðvaldsson, framkvæmdastjóri
ReSource International ehf.